

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 21. febrúar 2007, kl 17:15.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Elliði Vignisson, Andrea Atladóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### **1. Skólastarfið, yfirlit og það helsta framundan.**

Skólameistari lagði fram yfirlit þar sem fram kom að skólastarfið hefur gengið eftir áætlun, smávægilegar truflanir hafa orðið vegna veikinda og vinnu við loðnufrystingu.

1. febrúar var kvikmyndin “Sófakynslóðin” sýnd nemendum í sal skólans og urðu nokkrar umræður með leikstóra að sýningu lokinni.

Sveitastjórnarmenn úr Rangárvallasýslu komu 14. febrúar og áttu góðar og gagnlegar viðræður við skólastjórnendur, vegna hugmyndavinnu um framhaldsskólanám í sýslunni. Fulltrúar skólans lýstu okkar vilja til samstarfs.

16. feb. komu Sveinn Aðalsteinsson og Valdís Steingrimsdóttir frá Primordia ráðgjöf, sem falið hefur verið að vinna að stofnun “Háskólafélags Suðurlands hf”. Fóru þau yfir málið með stjórnendum FÍV á mjög jákvæðum fundi.

Framundan eru opnir dagar (1. og 2. mars + 9.mars) og árshátíð. Þáttaka í Eyja degi í Smáralind 3. mars og heimsókn nemendahóps frá Svíþjóð 20 -22. mars. Sérstakur íþróttadagur verður 21. mars.

### **2. “Áramótafundur” í menntamálaráðuneyti 13. feb. 2007.**

Skólameistari fór yfir fund sem hann átti með ráðuneytismönnum, þar sem farið var yfir stöðu skólans og framtíðarhorfur. Fram kom að ársnemendur 2006 reiknast 211 og fær skólinn út á það 4 milljónir til viðbótar fjárlagatölu ársins 2006 auk 1,7 millj vegna orlofa. Þetta þýðir að skólinn kom út með 1,8 milljónir í afgang á síðasta ári og uppsafnaður rekstrarafgangur telst vera 18 milljónir. Einnig var unnið að áætlun um nemendafjölda næstu tvö ár, sértekjur og námsfámboð. Skólinn mun nú aftur bjóða uppá hagfræðibraut til stúdentsprófs. Rætt var um rekstraráætlun ársins 2007, skólaskýrslu, sjálfsmatsáætlun og fleira. Ráðuneytismen voru almennt ánægðir með skólann og rekstur hans. Skólanefnd fagnaði þessari niðurstöðu varðandi reksturinn og spurt var um stöðu íþróttanámsins. Fram kom að það er í óbreyttum farvegi og reynt verður að kynna það sem best í vor og sjá svo hvernig undirtektir verða. Ákveðið var að láta gera drög að umsókn skólans um aðild að vaxtarsamningi Suðurlands og skólinn mun sækja um styrk úr þróunarsjóði framhaldsskóla til endurskoðunar náms á almennri braut með tengingu við íþróttanámið í huga.

### **3. Staða kynningarmála.**

Í febrúar hefur verið unnið að útgáfu nýs kynningarefnis í samvinnu við auglýsingastofuna Hvíta húsið. Verið er að leggja síðustu hönd á kynningarbækling (8 síður, A5, 5000 eintök) og veggspjöld. Einnig hafa verið pantaðir áprentaðir pennar. Þetta verður allt klárt fyrir kynninguna í Smáralind 3. mars.

Í samvinnu við Kristínu Jóhannsdóttur kynningarfulltrúa bæjarins er áformað að fá aðstoð fyrirtækisins Athygli-almannatengsl til að skipuleggja með okkur kynningarátak, finna markhópa og leggja línur um hvernig staðið skuli að framhaldinu.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með gang kynningarmála og töldu þau komin í góðan farveg.

#### **4. Önnur mál.**

Farið var stuttlega yfir það helsta af vettvangi nemendafélags og í framhaldi af því spurði Elliði um hugsanlega aðkomu skólans að rekstri “ungmennahúss” í miðbænum, sem ætlað yrði fólki á framhaldsskólaaldri, en sá möguleiki er í skoðun hjá bæjarfélaginu. Nokkrar umræður urðu um málið og ákveðið var að fylgjast með og kynna þessar hugmyndir fyrir stjórn nemendafélagsins .

Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 21. mars 2007.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:40  
Ólafur H. Sigurjónsson.